

Mál nr. 243/2019

M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar vöruflutningabifreiðarinnar B

Ágreiningur um hvort árekstur hafi orðið milli bifreiða á Hringveginum í Öxnadal.

Gögn.

Málskot, móttekið 18.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 30.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 31.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14. janúar hafði M samband við lögregluna á Norðurlandi eystra til að tilkynna að þann dag um kl. 17:55-18:05 hafi hann verið að aka norður Hringveg í Öxnadal á bifreið sinni, A, er hann hafi mætt vöruflutningabifreið með gámavagn eða „tengivagn“ aftan í á veginum milli Bakkaselsbrekku og brúar yfir Gil. Hafi eftirvagninn farið utan í A með þeim afleiðingum að vinstra stefnuljós hafi brotnað, vinstra frambretti rispast, hliðarspegill brotnað og tveggja cm breið rifa komið þvert yfir afurhurðina rétt neðan við rúðu. Ökumaður flutningabifreiðarinnar hafi ekki stöðvað og væntanlega ekki orðið var við óhappið. Kvað M að veður hafi verið mjög slæmt, hríðarbylur og kóf. Kvaðst M vera nokkuð viss um að bifreiðin sem fór utan í A hafi verið merkt fyrirtækinu D. Hafi hún verið hvít með kassa og dregið eftirvagn (tengivagn). Nokkrum dögum síðar hafði M samband við lögregluna ný og kvaðst hafa upplýsingar um að þarna hafi B verið á ferðinni auk þess sem hann kvað tímarammann sem hann hafði áður gefið upp (18:55-18:05) gæti verið rýmri eða 17:45-18:05.

Lögreglan hafði samband við starfsmann hjá D sem aflaði upplýsinga um að bifreiðin B, í eigu D, hafi verið á leið suður á fyrrgreindu tímabili en verið komin suður fyrir Öxnadalssheiði kl. 18:01. Þá sé B með bláan kassa en ekki hvítan. Við eftirgrennslan á eftirvagni, sem B mun hafa dregið, hafi engin ákoma verið sýnileg og breiddarljós sem skagi út aftast sé úr gúmmí og geti ekki hafa valdið skemmdunum á A.

M hefur krafist þess að fá tjón á A bætt út ábyrgðartryggingu B hjá V2. V2 hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir, svo sem rannsókn á mögulegum ákomum á B ásamt samanburði á ákomum á báðum ökutækjum, sem sýna fram á að tjón á A hafi orðið við það að árekstur hafi orðið milli A og B er ökutækin munu hafa mæst á Hringveginum í Öxnadal. Er því ósannað samkvæmt gögnum málsins að tjón á A hafi orðið af völdum áreksturs við B. Þegar af þeirri ástæðu getur M ekki krafist bóta vegna tjónsins á A úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, flutningabifreiðarinnar hjá V2.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.